



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga nr. 7/2020 (CSDR Refit og T+1)

Samráð hófst

16.2.2026

Samráði lauk

2.3.2026

Fjöldi umsagna

3

Umsagnaraðilar

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, Verðbréfamiðstöð Íslands og Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Engar efnislegar breytingartillögur komu fram eða athugasemdir um upptöku og innleiðingu EES-gerðanna sem um ræðir. Umsagnaraðilar taka undir mikilvægi tímanlegs undirbúnings að því er varðar styttingu uppgjörstíma. Seðlabanki Íslands leiðir þann undirbúning og nauðsynlega samhæfingu.

Vegna tafa á upptöku gerðanna í EES-samninginn liggur nú fyrir að ekki verður af framlagningu frumvarpsins fyrr en á haustþingi 2026. Frestun þinglegrar meðferðar þarf ekki að jafngilda brotthvarfi frá núverandi áætlunum um gildistöku styttingar uppgjörstíma á svipuðum tíma og í aðildarríkjum ESB (október 2027) og á ekki að tefja nauðsynlegan undirbúning innanlands.

Skjal að loknu samráði

Framlagning frumvarps er áformuð haustið 2026. Ekki er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á frumvarpinu.